

Sp.

4. Tillaga til þingsályktunar

[4. mál]

um skipun nefndar til athugunar á verðtryggingu sparifjár.

Flm.: Ólafur Jóhannesson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa fimm manna nefnd til að athuga, með hverjum hætti verði við komið verðtryggingu sparifjár, þar á meðal á innstæðufé opinberra sjóða. Fjórir nefndarmanna skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu þingflokka, en sá fimmti skal skipaður eftir tillögu Seðlabankans, og er hann formaður nefndarinnar.

Nefndin skal skila álitum svo fljótt sem kostur er.

Greinargerð.

Tillaga þessi til þingsályktunar er sama efnis og tillaga, er ég flutti á aukabinginu s. l. sumar, en hún varð þá ekki útrædd. Þeirri tillögu fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

„Meinsemdir efnahagslífsins eru margar. Ein þeirra — og efalaust einhver sú alvarlegasta — er hin sífellda rýrnun á verðgildi íslenskra peninga. Er það alkunn staðreynd, hversu kaupmáttur krónunnar — íslensku — hefur stöðugt þorrið. Hefur þetta verðfall krónunnar komið tilfinnanlega við sparifjäreigendur. Maður, sem lagt hefur tiltekna peningafjárhæð inn í banka, hefur orðið að sæta því, að fjárhæð sú væri orðin raunverulega miklu minna virði, er hann síðar, t. d. að fjórum eða fimm árum liðnum, tekur hana út ásamt áföllnum vöxtum. Ungur maður, sem árlega leggur nokkuð af vinnulaunum sínum til hliðar í því skyni að kaupa sér síðar íbúð fyrir hið samansafnaða sparifé, kemst ef til vill nokkrum árum síðar að þeirri sorglegu staðreynd, að hann er alls ekkert nær því marki að eignast íbúð heldur en í öndverðu, er hann hóf sparifjársöfnun sína. Ráðdeildarfolk, sem sparað hefur saman nokkra fjárhæð til elliáranna og falið opinberri peningastofnun fjárhæðina til vörzlu og ávöxtunar, verður fyrir sárum vonbrigðum, því að þegar til kemur, hefur verðbólgan étið upp bróðurpartinn af þessari ellitryggingu. Sama máli gegnir um opinbera sjóði, sem stofnaðir hafa verið til styrktar ákveðnu málefni eða til að standa undir tilteknum þörfum. Verðgildi sjóðanna er svo stórlega rýrt vegna verðfalls peninganna, að þeir verða allsendis ófærir til að gegna hlutverki sínu. Ýmiss konar tryggingarsjóðir, svo sem lífeyrissjóðir, hafa sömu sögu að segja. Starfsemi þeirra er beinlínis í hættu af þessum sökum.

Hér er illa og ómaklega farið með eigendur sparifjár og sjóða, því að í mörgum tilfellum hafa aðrir grætt á þeirra kostnað, þ. e. a. s. lántakar, sem endurgreiða lán sín að visu með sömu krónutölu, en með miklu verðminni krónum. Verði verðþenslan eigi stöðvuð, er ranglátt að halda niðri þessum aðilum einum — eigendum sparifjár og sjóða. Þeirra hlut þarf þá að rétta eigi síður en annarra. Það er fullkomið sanngirnismál, því að þjóðfélagið hefur hlunnfarið þessa aðila.

En ástand það í peningamálum, sem hér hefur lítillega verið lýst, er einnig stórhættulegt frá þjóðhagslegu sjónarmiði. Það hefur leitt til vaxandi vantrúar á gildi peninga, dregið úr sparifjáröfnun, ýtt undir ýmiss konar óeðlilega fjárfestingu og óparfa neyzlu og stuðlað að margvíslegri spákaupmennsku í þjóðfélaginu. Hið síbreytilega og rýrnandi verðgildi peninganna hefur átt mikinn þátt í óeðlilega mikilli lánsfjáreftirspurn og hefur það með ýtt undir það jafnvægisleysi, sem ríkt hefur að undanfögnu á peningamarkaðinum.

Hér geta sjálfsgat ýmsar leiðir til úrbóta komið til álitu. Ein þeirra er sú að verðtryggja sparifé miðað við almenna vísitölu. Auðvitað yrði þá einnig að vísitölubinda útlán með samsvarandi hætti. Aðrar leiðir geta einnig komið til greina. En hér þarf margs að gæta, og að engu má hrapa.

Flutningsmaður þessarar tillögu telur óhjákvæmilegt, að mál þetta sé þegar í stað tekið til gaumgæfilegrar rannsóknar. Fer síðan eftir niðurstöðum þeirrar rannsóknar, hverjar leiðir hér þykja færar. En einskis má láta ófreistað til að sporna við þeirri óheillaþróun, sem hér hefur átt sér stað, og til að rétta hlut sparifjáreigenda og sjóða. Jafnframt er líklegt, að með slíkum ráðstöfunum væri stórt spor stigið í þá átt að draga úr verðpenslu.“

Hér er því einu við að bæta, að nú eru boðaðar á næstunni nýjar aðgerðir í efnahagsmálum. Óttast margir, að þær aðgerðir muni enn rýra hlut sparifjáreigenda. Það væri hróplegt ranglæti. Verðtrygging sparifjár er því e. t. v. nauðsynlegri nú en nokkru sinni fyrr.

Fyrir máli þessu verður gerð nánari grein í framsögu.